

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2024

2024/EES/60/27

frá 26. apríl 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1979 frá 31. ágúst 2022 um að ákvarða snið og gagnagrunna til að miðla upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1979 fellir úr gildi, frá og með 31. desember 2025, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 31. desember 2025.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 23d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB):

„23e. **32022 D 1979**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1979 frá 31. ágúst 2022 um að ákvarða snið og gagnagrunna til að miðla upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB (Stjtið. ESB L 272, 20.10.2022, bls. 14).“

2. Texti liðar 23d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB) fellur brott frá og með 31. desember 2025.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/1979, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 20.10.2022, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 51.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.